

1260. Stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 13. mars 2024, kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 9. hæð og í fjarfundi.

Mætt á staðfund: Selma Björk Grétarsdóttir, Ólafur Reimar Gunnarsson, Bjarni Þór Sigurðsson, Jónas Yngvi Ásgrímsson, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Sigrún Guðmundsdóttir, Sigurður Sigfússon, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, Vala Ólöf Kristinsdóttir, Þorvarður Bergmann Kjartansson, Þórir Hilmarsson, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir varamaður, Tómas Gabríel Benjamín varamaður og Steinunn Böðvarsdóttir forstöðumaður sem ritaði fundargerð.

Mættur á fjarfund: Ævar Þór Magnússon

Fjarverandi: Ragnar Þór Ingólfsson, Halla Gunnarsdóttir, Jennifer Schröder og Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir.

Gestir fundarins: Oddur Gunnar Jónsson, forstöðumaður fjármála- og rekstrarsviðs VR, Valgerður Kristjánsdóttir, löggiltur endurskoðandi PWC, og Harpa Sævarsdóttir og Sveinn Enok Jóhannsson, félagslega kjörnir skoðunarmenn reikninga VR.

Næsti fundur: 3 apríl 2024

Selma Björk Grétarsdóttir, varaformaður VR, setti fund í fjarveru Ragnars Þórs Ingólfssonar, formanns.

Dagskrá:

1. Fundargerð 1259. stjórnarfundar VR var lögð fram til samþykktar.

Selma lagði fram fundargerð 1259. stjórnarfundar VR til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist við hana.

Fundargerðin var samþykkt og undirrituð.



2. Ársreikningur 2023

Fyrir fundinum lágu skjölin „VR_ársreikningur 2023 stjórn 13. mars 2024“, „Ársreikningur 2023 samanburður við áætlun“, „Lykiltölur“ og „Ársreikningur VR 2023 drög“ til afgreiðslu.

Oddur Gunnar Jónsson, forstöðumaður fjármála- og rekstrarsviðs VR, fór yfir ársreikning félagsins fyrir árið 2023. Oddur greindi frá því að VR væri nú skilgreint sem stórt félag samkvæmt ársreikningalögum með heildareignir yfir 3 ma.kr. og veltu yfir 6 ma.kr. Hvað varðar starfsemina og reksturinn á árinu 2023 sagði Oddur að fjölgun félagsfólks væri 4,4% milli ára. Atvinnuleitendum fækkaði mikið eða um 31% og voru 758 á mánuði að meðaltali á árinu 2023.

Ekki urðu miklar breytingar á helstu lykiltölum milli ára. Þó fækkaði kjaramálum um 6,4% eftir fjölgun árið á undan og símtölum um 8,3% á milli ára. VR hefur tekið í notkun vefspjall sem félagsfólk hefur tekið mjög vel í. Umtalsverð aukning varð á heimsóknnum á Mínar síður á vr.is.

Varðandi sjóði félagsins benti Oddur á að orlofshúsum í útleigu fjölgaði um sex sem skýrir aukningu milli ára í fjölda gistinátta. Aukning í niðurgreiðslu gjafabréfa Ícelandair á milli ára er um 19 m.kr., salan jókst um 51,5% milli ára. Dagpeningar og styrkir Sjúkrasjóðs VR hækkuðu um 19,6% en iðgjöld um 15%. Hlutfall sjúkradagpeninga af iðgjöldum hefur hækkað og var 79% árið 2023 sem skýrist af aukningu í greiðslu sjúkradagpeninga umfram hækkun tekna.

Heildarafkoma félagsins á árinu var jákvæð um 928 m.kr., rekstrartekjur hækkuðu um 788 m.kr. eða 14,9% en gjöld um 963 m.kr. eða 20,1%. Iðgjaldatekjur hækkuðu um 15,2%. Raunávöxtun verðbréfasafna var neikvæð árið 2023 en batnar á milli ára um 9,8%. Fimm ára meðalnafnávöxtun er jákvæð um 5,94% en raunávöxtun um 0,78%. Niðurstaða rekstrarliða án fjármagnsliða batnar um 361 m.kr. á milli ára. Eignir félagsins hafa aukist úr 12,7 ma.kr. í 17,1 ma.kr. eða sem nemur 38% frá 2017.

Umræður

Eftir umræður óskaði Oddur Gunnar eftir rafrænni staðfestingu stjórnarfólks á ársreikningnum. Staðfesting barst frá öllum í stjórn 13. mars 2024 og telst reikningurinn samþykktur.

Tillaga að framlagi í VR varasjóð fyrir árið 2023 er lögð fyrir fundinn. Gert er ráð fyrir framlagi að upphæð 1.050 m.kr. í samræmi við samþykktu starfs- og fjárhagsáætlun stjórnar fyrir árið 2024. Skipting milli sjóða er þannig að úr félagssjóði koma 250 m.kr., Sjúkrasjóði 500 m.kr. og úr Orlofssjóði 300 m.kr.



Tillagan var samþykkt með einu mótatkvæði.

Þórir Hilmarsson bókaði mótatkvæði.

3. Skýrsla endurskoðenda vegna ársreiknings VR 2023

Fyrir fundinum lá skýrslan „Endurskoðunarskýrsla 2023“ til kynningar.

Valgerður Kristjánsdóttir, löggiltur endurskoðandi hjá Pricewaterhouse Coopers fór yfir endurskoðunarskýrslu fyrirtækisins vegna reikninga 2023. Hún sagði endurskoðendur gera ráð fyrir að árita ársreikning félagsins án fyrirvara.

Meginmarkmið endurskoðunarinnar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka og gefa út áritun með álit. Í endurskoðuninni eru skilgreindar verulegar áhættur og aðrir helstu áhættuliðir. Fjallað er um innra eftirlit sem er meðal mikilvægustu verkefna stjórnar og stjórnenda. Endurskoðun varðandi verulegar áhættur, þ.e. möguleg sniðganga stjórnenda á innra eftirliti og sviðsemi í tekjuskráningu, leiddi ekki í ljós frávik og er án verulegra athugasemda.

Ársreikningur félagsins er settur fram í samræmi við lög um ársreikninga og settra reikningsskilareglna (IFRS) þar sem við á. Í desember 2023 fór VR frá því að vera meðalstórt félag í að vera stórt félag en helsta afleiðing þess er að kröfur um innihald skýrslu stjórnar aukast töluvert.

Varðandi aðgreiningu starfa mælast endurskoðendur til þess að stjórnendur yfirfari með reglubundnum hætti aðgreiningu starfa innan félagsins til að koma í veg fyrir ónóga aðgreiningu starfa.

Umræður

4. Skýrsla skoðunarmanna VR

Félagslega kjörnir skoðunarmenn reikninga VR eru Harpa Sævarsdóttir og Sveinn Enok Jóhannsson. Þau lýstu því yfir að þau hafi farið yfir fundargerðir stjórnar og endurskoðunarskýrslu og hafi þau engar athugasemdir fram að færa hvað það varðar. Harpa sagði árið 2023 hafa verið þungt ár hjá stjórn, mikil og löng fundarhöld eins og sjá megi í fundargerðum stjórnarinnar. Hún benti á að skoða þyrfti þetta betur, stytta fundi, fjölga eða gera ráð fyrir öðrum breytingum.

Þau nefndu jafnframt að álag væri mikið utan stjórnarfunda, og margt stjórnarfólk á sæti í 5-6 nefndum jafnvel 7.



5. Tillögur stjórnar fyrir aðalfund VR 21. mars 2024

Fyrir fundinum lá skjalið „Lagabreytingar aðalfundur 2024“ til kynningar.

Stjórn hefur þegar samþykkt þær breytingar sem þarna komu fram.

Umræður

6. Kjaramál – staðan

Fyrir fundinum var kynnt skjalið „Tillaga SA í öðrum liðum“ til umræðu.

Selma Björk sagði að búist sé við saminganefnd, sem er stjórn félagsins, í Karphúsið fyrir kl. 20:00 vegna umræðu um tillögu frá ríkissáttasemjara í kjaraviðræðum við Samtök atvinnulífsins.

Bjarni Þór Sigurðsson fór yfir skjalið „Tillaga SA í öðrum liðum“ þar sem fjallað er um stöðuna í viðræðum um nýjan kjarasamning við SA, hvað varðar aðra liði en launalið og forsendur.

Umræður

7. Seta í nefndum og ráðum hjá VR

Stjórnarmenn samþykktu að fresta umræðum um þennan lið þar til síðar.

Fundi slitið kl. 19:00

